

Starfandi stjórnarformenn

Alþjóðlegt fyrirbrigði eða sér íslenskt?

Nemandi

Jakob Bjarnason

Leiðbeinendur:
Ásta Dís Óladóttir, dósent
við Háskólann á Bifröst og Haukur C. Benediktsson, lektor
við Háskóla Íslands



Háskóli Íslands
Viðskipta- og hagfræðideild

Útdráttur

Hugtakið „starfandi stjórnarformaður“ á sér ekki skírskotun í lögum á Íslandi. Hugtakið hefur stundum verið afmarkað þannig „er ... nokkuð um það að stjórnarformenn séu jafnframt meðal æðstu stjórnenda hjá ... félagi og sinni daglegum störfum fyrir það. Í slíkum tilvikum eru þeir ekki titlaðir sem framkvæmdastjórar heldur hefur myndast sú venja héraðs að tala um þá sem starfandi stjórnarformenn.“

Þótt málvenja sé til orðin um hugtakið „starfandi stjórnarformaður“ hefur ekki mikið verið rannsakað héraðs í hverju störf þessara aðila felast. Hins vegar má segja að verkefni starfandi stjórnarformanna geti meðal annars falist í því að leita að möguleikum til að ná fram aukinni hagræðingu með samruna við önnur félög, eða finna tækifæri til kaupa á fyrirtækjum á innlendum eða erlendum vettvangi. Starf hans getur einnig falist í að samræma störf dótturfélaga fyrirtækisins við móðurfélagið sem og innbyrðis, sé fyrirtækið af þeirri stærðargráðu. Einnig hafa margir starfandi stjórnarformenn hér á landi verið andlit fyrirtækja út í frá og tekið virkan þátt í samfélagslegri umræðu.

Samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum má sami maður ekki vera bæði framkvæmdastjóri félags og stjórnarformaður þess. Segja má að „Ef stjórnarformaður tekur í reynd að sér störf framkvæmdastjóra, þótt hann sé ekki formlega ráðinn ..., hlýtur að vera álitamál hvort ekki sé með því verið að brjóta ... ákvæði um að ekki megi kjósa

framkvæmdastjóra sem stjórnarformann.“ Þetta getur vart talist álitamál. Gegni stjórnarformaður í raun framkvæmdastjórastarfi gengur það gegn ákvæðum hlutafélagalaganna, hvort sem titillinn fylgir starfinu eða ekki. Á Íslandi hafa nokkrir aðilar gegnt þessu hlutverki, bæði í einkafyrirtækjum og opinberum fyrirtækjum og til þess að gefa nokkur dæmi má nefna þá Sigurð Einarsson, Kaupþingi, Árna Odd Þórðarson hjá Marel, Björgólf Guðmundsson, Landsbankanum, Lýð Guðmundsson, Exista og Bakkavör, Ólaf Ólafsson, Kjalar og Samskipum, Karl Wernersson, Askar Capital og einnig forvera hans Hauk Harðarson, Jón Ásgeir Jóhannesson, Baugi Group og föður hans, Jóhannes Jónsson hjá Högum, Höllu Tómasdóttur hjá Auði Capital og Óla H. Þórðarson hjá Umferðarráði. Af þessum dæmum má sjá að fjölmargir starfandi stjórnarformenn hafa verið á Íslandi og þá kannski sérstaklega í

seinni tíð eftir að fyrirtæki tóku að fjárfesta erlendis og eignasafn þeirra stækkaði og dótturfélögum fjölgaði.

Samanburður á milli landa á reglum sem um stjórnarformenn gilda er ekki einfaldur. Reglur um stjórnarformenn eru aðeins lítill hluti reglna um stjórn hlutafélaga. Reglurnar geta því ekki skoðast einangrað heldur sem hluti regluverks um stjórnun félaga, mismunandi frá einu landi til annars. Þannig er í lögum gert ráð fyrir tvískiptri stjórn markaðsfyrirtækja í Danmörku og Þýskalandi. Framkvæmdastjórn (d. Direktion, þ. Vorstand) annars vegar, sem skipuð er æðstu stjórnendum daglegs rekstrar félags og eftirlitsstjórn (d. Bestyrelse, þ. Aufsichtsrat) hins vegar. Við fyrstu sýn virðist það gerólíkt þeim reglum sem hér gilda, en er það þó í raun ekki. Það sem þar er kallað framkvæmdastjórn getur verið einn framkvæmdastjóri og þar með ekki ólíkt því sem gildir hér á landi.